

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Arndísi Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur um beitingu fyrirvara í eldri lögum um útlendinga.

1. Hversu oft var fyrirvara í 1. mgr. 46. gr. a eldri laga um útlendinga, nr. 96/2002, með síðari breytingum, beitt í gildistíð þeirra laga?

Í 1. mgr. 46. gr. a laga um útlendinga, nr. 96/2002, sem féllu úr gildi 1. janúar 2017, kom fram að með fyrirvara um ákvæði 45. gr. sömu laga gætu stjórnvöld synjað því að taka til efnismeðferðar umsókn um hæli ef nánar tilteknar ástæður væru fyrir hendi. Lítið er svo á að fyrirspurnin lúti að þeim tilvikum þar sem 45. gr. laganna kæmi í veg fyrir að stjórnvöld gætu synjað að taka umsókn til efnismeðferðar á grundvelli 1. mgr. 46. gr. a. Í 45. gr. var kveðið á um að óheimilt væri að vísa fólki brott eða endursenda þangað sem líf þess eða frelsi kynni að vera í hættu og ákvæði 2. mgr. 45. gr. kæmi ekki til álita.

Í gildistíð eldri laga gerði upplýsingatæknikerfi Útlendingastofnunar ekki ráð fyrir þeim möguleika að skráð væri sérstök skýring á því hvers vegna umsókn um vernd væri tekin til efnislegrar meðferðar. Ekki er því hægt að svara því hvort eða hversu oft fyrirvara í 1. mgr. 46. gr. a laganna var beitt.

2. Hversu oft var 2. mgr. 46. gr. a laganna beitt um umsóknir einstaklinga sem féllu undir a-lið 1. mgr. sömu greinar?

Ákvæðinu hefur ekki verið beitt þar sem það veitti ekki heimild til að taka umsóknir til efnismeðferðar sem féllu undir a-lið 1. mgr. 46. gr. a. Í ákvæðinu fólst eingöngu heimild til að taka umsóknir til efnismeðferðar sem féllu undir b-, c- og d-lið 1. mgr. 46. gr. a og þá í þeim tilvikum þegar útlendingurinn hefði slík sérstök tengsl við landið að nærtækast væri að hann fengi hér vernd, eða ef sérstakar ástæður mæltu annars með því.